

Viðstaddir			06.08.2021
Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH	15239
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kóp	Fundarritari
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk	EKS / einar@vso.is
Björg Fengler	BF	G.bæ	
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin	
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf	
Forfallaðir			
Rósa Streingrímisdóttir	RS	Hafn	

Tílefni

Verkefnarahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur þriðjudaginn 6. ágúst 2021 kl. 10:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð fundar 06.07.2021 samþykkt samhljóða

2 Salernismál

MÁ/EKS áttu fund með Verkfræðistofunni Ferli í byrjun júlí þar sem farið var yfir verðfyrirspurnargögn, teikningar og kostnaðaráætlanir veitukerfa. Settar voru fram allmargar ábendingar og athugasemdir, auk þess sem kallað var eftir útboðsgögnum fyrir salernishúsin. Annar fundur var haldinn mið 04.08.21 og ýtt á eftir gögnum. Þá var jafnframt ítrekað að veitukerfi væru hönnuð til að anna einnig fyrirhuguðum skála Ullar á svæðinu.

Allmargar hindranir eru í vegi þess að reisa vatnstank á hól Suðursvæðis eins og áætlað var þ.a. ákveðið er að miða við upphaflega hugmynd um dælingu vatns frá Ármannsskála.

- ⇒ Ferill áætlar að verðfyrirspurnargögn veitukerfa, útboðsgögn salernishúss, teikningar og kostnaðaráætlanir liggi yfir mið 11.08.21
- ⇒ EKS/MÁ munu rýna gögnin áður en þau verða send til stýrihóps
- ⇒ Verðfyrirspurn veitna verður beint að völdum verktökum. Skilgreindur verður skammur tilboðsfrestur og verktími þ.a. unnt sé að ljúka verkinu í haust
- ⇒ Útboð salernishúss tekur lengri tíma og verða þau reist seint í haust/vetur

Samhliða ofangreindu þarf að leysa vatnsvandamál Ármannsskála – gæði vatns og stýringar.

3 Lyftur

Doppelmayr kom til fundar og vettvangsferðar 23.08.21. EKS kallaði eftir neðangreindu:

- Skipuriti verkefnisins með nöfnum, netföngum og símanúmerum
- Greiðsluáætlun verkefnisins sem rímar við fjárveitingar verkefnisins skv. útboðsgögnum og útgjaldaáætlun Doppelmayr
- Ítarlegri verkáætlun sem taki til undirbúnings, hönnunar og uppsetningar lyftanna. Í áætluninni verði jafnframt skilgreindir áfangar verkefnisins og skil gagna til rýni/samþykktar

Doppelmayr hyggst koma með fleiri menn til landsins í lok ágúst. Þá gefst tækifæri til að skrifa undir samning um verkið.

Neðangreint ákveðið um rekstur samnings við Doppelmayr:

- EKS sér til þess að gerðar verði fundargerðir, sem dreift verður til stýrihóps og ræddar á fundum hópsins.
- Skilgreina þarf framsetningu og samþykktarferli reikninga frá Doppelmayr. Þar þarf etv að skoða sundurliðun reikninga í efni, hönnun og framkvæmdir m.a. með hliðsjón af endurgreiðslu vsk. ÓE mun skoða málið ásamt RS.
- Sett verður upp kerfi með kostnaðargát/yfirliti í anda borgarlínuverkefnisins. PBG skoðar með RS.

4 Snjóflóðamál

Í júlí vaknaði umræða um snjóflóðahættumat og varnarlínu C skv. deiliskipulagi. Gosi liggur innan hættusvæðis, en byggingarreitir skála utan þess. Skerpt var á málinu á fundi með Magna H. Jónssyni hjá Veðurstofunni á fundi 05.08.21, þar sem neðangreint kom fram:

- Við gerð dsk lá fyrir staðbundið hættumat sem skipulagið miðaðist við þegar staðsetning byggingarreita o.fl. var ákveðin. Búið er að uppfæra hættumatið síðan þá og hafa línur færst nær fjallinu og þannig hagfelldara
- Ekki er um endanlegt hættumat skíðasvæðisins að ræða og er ekki verið að vinna í því verkefni
- Skv. reglugerð mega söfnunarsvæði fólks ekki vera innan línu C þó svo lyftan megi vera það. Í því felst að botnstöð má að hluta vera innan línunnar, en inngangur og biðraðir fólks verður að liggja utan hennar. Gangi það ekki eftir sé möguleiki að sækja um undanþágu til Umhverfissráðuneytis, enda svæðið troðið og snjóflóðahætta ekki til staðar þegar lyftur eru opnar. MHJ myndi þá gefa umsögn um umsókn Skíðasvæðanna komi til þess
 - ⇒ EKS hefur komið cad grunni línu C til Doppelmayr og óskað eftir að hönnun taki mið af framangreindu. Vonast er til að ekki þurfi að sækja um undanþágu.

5 Skálafell

EKS hefur sent Innkaupaskrifstofu Rvk ósk um að senda út á markaðinn RFI könnun þar sem kallað er eftir ábendingum um skynsamlega innkaupaleið á notaðri lyftu.

6 Bláfjöll almennt – innviðir og rekstur

Umræða tekin um innviði og rekstur almennt á svæðinu.

Á grunni dsk eru fyrirhugaðar miklar fjárfestingar næstu árum. Auk núverandi búnaðar, mannvirkja og skála frá ýmsum tímum eru koma nýir skálar/mannvirki/búnaður sem kalla á innviði/veitukerfi. Innviðir/veitukerfi eru mörg barn síns tíma og byggð eftir efnun og aðstæðum hverju sinni. Ábyrgð/rekstur/fjármögnun er ýmist á hendi skíðasvæðanna, einstakra félaga eða sveitarfélaga. Líklegt er t.d. að vatnsveitukerfi svæðisins hefði verið byggt upp með öðrum hætti í dag, hefði þróun svæðisins verið ljós á sínum tíma.

EKS og Einar Bjarnason rekstrarstjóri Bláfjalla áttu fund með Veitum 05.08.21 um uppbyggingu/breytingar á rafdreifikerfi.

- ⇒ EKS mun taka saman á uppdrátt yfirlit núverandi kerfis, auk upplýsinga um nýja notendur (skála, lyftur, snjóframleiðslu).
- ⇒ Veitur munu rýna og koma með ábendingum um framtíðarfyrirkomulag.

Mikilvægt er að allar framkvæmdir séu hugsaðar af framsýni með dsk sem grunn. EKS/MÁ hafa því m.a. lagt áherslu á að veitur vegna salerna þjóni einnig fyrirhuguðum Ullarskála. Sömu sýn/aðferð þarf að beita almennt, en hún er ekki nógu markviss, nema heildarsýn til framtíðar sé skýr.

- ⇒ Fundarmenn sammála um að ástæða sé til þess að skoða innviðamál svæðisins í heild sinni til langs tíma, ekki bara hönnun/uppbyggingu, heldur einnig eignarhald, rekstur/fjárveitingar o.þ.h. Etv skynsamlegt að líta á svæðið sem „sveitarfélag“ og haga málum skv. því
- ⇒ Ekki ljóst í hvaða farveg málið fer

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn
Rósa Steingrímsdóttir Hafn
Hildigunnur Hafsteinsdóttir SSH